

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 25. febrúar 2021
UST202010-092/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með skilyrðum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. nóvember sl. þar sem stofnunin veitti Arctic Sea Farm hf, áminningu vegna frávika er skráð voru í eftirliti hjá rekstraraðila í Dýrafirði þann 5. júní 2020. Rekstraraðila var veittur frestur til 18. nóvember sl. til að skila tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Úrbótaáætlun var skilað 16. nóvember sl. og viðbótarupplýsingum 27. nóvember, 22. janúar og 18. febrúar sl.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Skv. starfsleyfi er hámarkslífmassi á hverjum tíma 4000 tonn. Lífmassi fór yfir 4000 tonn í Eyrarhlíð í nóvember 2019 og var yfir 4000 tonnum í þrjár vikur. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila dags. 16. nóvember 2020 hafði slæmt veðurfar áhrif á sláturplan Eyrarhlíðar sem varð til þess að lífmassi eldissvæðisins fór yfir leyfilegan hámarkslífmassa skv. starfsleyfi. Skv. rekstraraðila hafa úrbætur verið gerðar með því að hafa sveigjanlegri sláturáætlun með tilliti til breytilegs veðurfars á vetrarmánuðum. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en vekur þó athygli á því að með áætlaðri útgáfu 10 þúsund tonna starfsleyfis í Dýrafirði er burðarþol fjarðarins, eins og það hefur verið skilgreint af Hafrannsóknarstofnun, fullnýtt. Í ljósi þess leggur Umhverfisstofnun mikla áherslu á að þessar úrbætur gangi eftir og lífmassi fari ekki á neinum tímavarki yfir hámarkslífmassa leyfis og mun fylgja því eftir í eftirliti. Umhverfisstofnun óskar eftir því að eftirlitsaðila verði send lífmassagögn fyrir eldisstaðsetningar í Dýrafirði fyrir árið 2020 fyrir 3. mars nk. til staðfestingar á því að ekki hafi verið farið yfir leyfilegan hámarkslífmassa á árinu.**
- 2. Gr. 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.** Rekstraraðili hefur ekki heimild til notkunar eldisnóta sem eru litaðar með efnum sem innihalda koparoxíð. Kvíar með lituðum nótum hafa verið í notkun á eldisstaðnum við Haukadalsbót síðan seiði voru sett út í maí sl. **Sótt var um breytingu á starfsleyfi vor 2020, til að heimila notkun koparnóta. Í úrbótaáætlun rekstraraðila dags. 16. nóvember sl. kom fram að rekstraraðili hefði áætlað að breytt starfsleyfi tæki gildi sumar 2020. Eftirlitsaðili kallaði eftir viðbótaupplýsingum og uppfærslu á úrbótaáætlun vegna þessa fráviks, þar sem það lægi fyrir að starfsleyfi hefði ekki verið gefið út um sumarið, fyrir lægi að breytingin gæti verið háð matskylduákvörðun Skipulags-**

stofnunar og leyfið yrði ekki gefið út nema það lægi fyrir. Viðbótarúrboðaáætlun var send inn 27. nóvember sl. og í kjölfar funds með fulltrúum rekstraraðila, SFS og Umhverfisstofnunar sendi rekstraraðili inn uppfærða úrbótaáætlun vegna þessa frávíks 22. janúar sl. Í henni kemur fram að erindi hafi verið sent til Skipulagsstofnunar 22. janúar sl. til athugunar á því hvort Arctic Sea Farm þyrfti að senda inn matskyldufyrirspurn. Skv. upplýsingum sem rekstraraðili sendi stofnuninni þann 18. febrúar sl. skal framkvæmdin háð matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Rekstraraðili áformar að senda inn matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar fyrir 26. febrúar nk. Með vísan í ákvörðun Skipulagsstofnunar um notkun koparnóta Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði sem var birt 14. janúar sl., þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð breyting á starfsleyfi Arnarlax skyldi ekki háð umhverfismati, telur rekstraraðili ekki líklegt að breytingin á starfsleyfinu sé háð mati á umhverfisáhrifum og því verði hægt að gefa út breytt starfsleyfi þegar ákvörðunin liggur fyrir. Umhverfisstofnun óskar eftir því að rekstraraðili tilkynni eftirlitsaðila þegar matskyldufyrirspurnin hefur verið send inn og um ákvörðun Skipulagsstofnunar þegar hún liggur fyrir.

Eftir að niðurstaða umhverfismats eða ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir, skal auglýsa starfsleyfistillögu sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Auglýsingartími starfsleyfis er 4 vikur. Eftir að auglýst hefur verið, þarf að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins innan 4 vikna. Stofnunin bendir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar hvað útgáfu starfsleyfa varðar er 240 dagar frá því að fullgild umsókn liggur fyrir. Umsókn telst ekki fullgild fyrr en ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að skv. gildandi starfsleyfi er notkun koparnóta ekki heimil í Dýrafirði og krefst þess að ekki verði settir út fleiri nótapokar með kopar í Dýrafirði og að ekki verði sett fleiri seiði í nætur með kopar á meðan rekstraraðili hefur ekki til þess heimild í starfsleyfi. Einnig óskar stofnunin eftir því að þær nætur sem nú þegar hafa verið settar út án leyfis verði ekki háþrýstipvegnar á meðan eldinu stendur sem og að sem minnst verði við þær átt til að lágmarka losun kopars. Frávíkinu verður fylgt eftir í eftirliti ársins 2021.

3. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Hámarkslosun fosfórs er skv. starfsleyfi 10 kg/tonn. Losun ársins 2019 var umfram þau mörk. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila var mikil aukning á lífmassa á árinu 2019 og áætla megi að heildarfosfórlosun sé mun minni þegar reiknað verði fyrir hverja kynslóð. Umhverfisstofnun fellst á útskýringar rekstraraðila þar sem reiknað sé með framleiðslu en ekki lífmassaukningu við ákvörðun losunarinnar. Stofnunin óskar því eftir því að í ársyfirliti fyrir 2020 verði tekið saman heildarlosun fosfórs á árinu 2020 í einingunni kg/framleitt tonn, í samræmi við nógildandi leyfi, ásamt því að losunin verði skoðuð í heild fyrir þær kynslóðir þar sem slátrun kláraðist á árinu 2020. Með vísan í 10 þúsund tonna leyfi sem bíður útgáfu, þar sem losunarmörk starfsleyfis eru 10 kg/tonn af lífmassaukningu á ári óskar stofnunin eftir því að losun ársins 2020 verði einnig gefin upp í ársyfirliti sem kg/tonn lífmassaukning á ári. Því verður fylgt eftir í eftirliti að losunarútreikningum fyrir 2020 hafi verið skilað til samræmis við framangreint.

4. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun en ekki voru tekin sjósýni til mælinga í þeim sýnatökum sem hafa verið gerðar á árinu 2020. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila voru sjósýni tekin við hámarkslífmassa í Eyrarhlíð á árinu en ekki hafi verið hægt að koma þeim í greiningu vegna veðurs. Úrbætur hafi verið gerðar á þann veg að ef slíkar aðstæður séu til staðar þegar sjósýni eru tekin skuli starfsmenn viðkomandi stöðvar taka sýni og senda í greiningu um leið og veður leyfir. Umhverfisstofnun fellst á úrbætur rekstraraðila en bendir rekstraraðila þó á að skoða með greiningaraðila hvernig best sé að því staðið að geyma sýni ef þannig stendur á að ekki sé hægt að senda þau strax til greiningar.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðinga við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 237.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur